

48

21. marz

28. gr.  
Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 71 17. apríl 1953, er úr gildi fallin.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. marz 1955.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Páll Pálmason.*

49

25. marz

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

### I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.04 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.78 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 9.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.00 af fermetra á ári.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 46 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 3.00 á mánuði, af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup>, má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

#### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.14 hver kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 190.00 til kr. 225.00 á hvert uppsett kw. vélanna
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum, 46 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw:
  - a. Um kwst.mæli á 34 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
  - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.00 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 34 aura hver kwst. utan þeirra tíma.
  - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.00 hver kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 36 aura hver kwst. utan þessa tíma.

4. Um mæli á kr. 600.00 fyrir hvert kwst. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 **49**  
 mínútna meðalálag og auk þess 16 auro á notaða kwst. **25. marz**
5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um mæli á kr. 400.00  
 fyrir hvert uppsett kw. vélanna, og auk þess 16 auro á notaða kwst.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 23 auro hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 8 auro hver kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra, og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

#### E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 58 auro hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
  2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.14 hver kwst.
  3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 23 auro hver kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 23 auro hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30, og kr. 1.14 hver kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
  4. Til gatnalýsingar á 50 auro hver kwst.
- Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforkuna eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |   |                    |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. .... | kr. 3.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum upp að 50 amp. ....  | — 4.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. .... | — 9.00 — —         |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....   | — 13.00 — —        |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

49

25. marz

## III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld innan lögsagnarumdæmis Keflavíkur skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

<i>Rúmmál húsa, teningsmetrar:</i>		<i>Heimtaugargjöld:</i>	
		<i>Loftlína:</i>	<i>Jarðstrengur:</i>
Allt að 99 m <sup>3</sup> .....		800.00	1 200.00
100 til 199 — .....		1 000.00	1 500.00
200 — 299 — .....		1 600.00	2 320.00
300 — 399 — .....		1 700.00	2 465.00
400 — 499 — .....		1 800.00	2 520.00
500 — 599 — .....		2 000.00	2 800.00
600 — 699 — .....		2 200.00	2 970.00
700 — og yfir .....		2 500.00	3 375.00

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar að tengingu lokinni. Sé lengd jarðlínu heimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

## V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið og bæjarstjórn Keflavíkur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 12 4. febr. 1952.

*Atvinnumálaráðuneytið, 25. marz 1955.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*